

eða brúnleita hreinsun frá leggöngum í einhvern tíma eftir aðgerðina.

- ✓ Á 5.-6. degi eru saumar/hefti teknir úr skurðsári ef ekki er notaður saumur sem eyðist. Ef allt gengur vel með þig og barnið þá ert þú útskrifuð í heimaþjónustu ef hún er fyrir hendi, annars eftir þörfum.
- ✓ Kynlíf er ekki æskilegt í 4-6 vikur, eða ekki fyrr en hreinsun er lokið.
- ✓ Endurkoma hjá kvensjúkdómalækni eftir 6-8 vikur.

Hafðu samband við deildina, **sími 432 1113**, eða lækninn þinn ef þú ert í vafa um eitthvað eða einhver vandamál koma upp.

Athugaðu

Þessar upplýsingar eru engan veginn tæmandi. Það geta orðið ýmis óhjákvæmileg frávik. Hikaðu ekki við að biðja okkur um nánari útskýringar.


*Með kveðju,
starfsfólk kvennadeildar og skurðeildar
HVE Akranesi*

*Unnið af nemum í skurð- og
svæfingahjúkrun (vor 1990) í samvinnu við
starfsfólk kvennadeildar SHA.
Endursk. í maí 2017/AB.*

*Meðal heimilda: Bæklingar frá St.
Jósefsspítala í Hafnarfirði og HNE deild Bsp.
SHA/rmbæk32*

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

KEISARASKURÐUR



Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Velkomin á kvennadeild

HVE Akranesi

Í þessum bæklingi eru upplýsingar sem við vonumst til að komi þér að gagni og geri þér dvölina auðveldari. Skrifaðu hjá þér þær spurningar sem koma upp við lestur bæklingins, svo þær gleymist ekki.

Innlögn

Þegar að innlögn kemur mætir þú á Sjúkrahús Akraness, kvennadeild, daginn fyrir aðgerð. Ljós móðir tekur á móti þér og fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar, fer yfir þennan bækling með þér og sýnir þér deildina.

Hvað þarf að hafa meðferðis ?

- * Náttslöpp og inniskó
- * Tannbursta, tannkrem og snyrtidót
- * Lesefni eða aðra afþreyingu
- * Lista yfir þau lyf sem þú tekur eða hefur tekið sl. 2 vikur.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Við komu eru gerðar rannsóknir og skoðanir sem eru nauðsynlegur undirbúningur fyrir aðgerð. Þær eru:

- * Viðtal við ljósmóður
- * Viðtal og skoðun hjá aðstoðarlækni
- * Viðtal við svæfingalækni
- * Blóðsýni

Kvöldið fyrir aðgerð ertu rökuð yfir lífþeini. Þú þarft að vera fastandi frá miðnætti, þ.e.a.s. þú mátt hvorki borða, drekka né reykja frá þeim tíma. Þú ert sett í hjartsláttar- og hriðarrit um kvöldið

Fjarlægja verður skartgripa, naglalakk og andlitsfarða fyrir aðgerðina.

Aðgerðardagur

- ✓ Að morgni aðgerðardags færðu hægðalosandi lyf í túpu og á að tæma úr henni í endaparm og leyfa vökvum að

verka í 10-15 mín. Þetta gerir það að verkum að hægðir losna úr neðsta hluta ristilsins. Síðan ferðu í sturtu. Ekki nota body lotion.

- ✓ Þá er lagður þvagleggur upp í blöðruna sem þú hefur í einn sólarhring.
- ✓ Þá er komið að deyfingunni eða svæfingunni, sem svæfingalæknirinn hefur útskýrt fyrir þér.
- ✓ Ef faðirinn vill vera viðstaddur aðgerðina þá mætir hann á deildina kl. 08:00 að morgni aðgerðardags. Hann má hafa með sér myndavél.
- ✓ Aðgerðin sjálf tekur um það bil 1 klst.
- ✓ Blóðþynningarlyf eru gefin skv. fyrirmælum læknis til að fyrirbyggja hættu á blóðtaappa.

Við hverju má búast eftir aðgerð ?

- ✓ Þú verður á vöknunarherbergi í 1-2 klst. eftir aðgerðina, þar sem fylgst er með blæðingum og lífsmörkum. Barnið verður hjá þér og þú getur lagt það á brjóst eftir þörfum.
- ✓ Þú verður með þvaglegg til næsta dags til að hægt sé að fylgjast með þvagútskilnaði og til þæginda fyrir þig.
- ✓ Gera má ráð fyrir samdráttarverkjum í kviðarholi, þ.e. þegr legið er að draga sig saman. Þú færð verkjalyf eftir þörfum.
- ✓ Þú verður fastandi með vökva í æð fram eftir degi.
- ✓ Að kvöldi aðgerðardags mátt þú að öllu jöfnu byrja að dreypa á vökva og/eða fá ristað brauð og te ef þér er ekki óglatt.
- ✓ Þú ferð fram úr með aðstoð að kvöldi aðgerðardags. **Farðu aldrei ein fram úr fyrst eftir aðgerð.**
- ✓ Þú hefur blæðingar fyrst og síðan rauð-